

Hefur sent verðlauna- verk til Íslands með tilliti til þess að taka þátt í samsýningum þar — en þeim var umsvifalaust hafnað.

segja — og þótti Svíar svo leiðinlegir að hún kom sér þaðan í burtu með fyrra fallinu.

Nína hélt fljótlega aftur til Parísar. Og nú var svo fyrir henni komið, að það var ekki bara hjúkrun, sem fyrir henni vakti. Enda þótt hún hefði ekki í farangrinum minnstu undirstöðumenntun í myndlist, reyndi hún á þessum tímamótum að komast inn í listaskóla í París. En hún var óf sein á ferðinni. Hún lét líða ár; skellti sér í inntökupróf að hausti og flaug inn í Fagurlistaskólann, sem heitir annars Ecole National Supérieure de Beaux Arts.

Þar var Nína um tveggja ára skeið í almennu listnámi og hafði þá komið á snóðir um, að það var í rauninni veflist, sem átti hug hennar. Hún lauk samt prófi í málalæsi; lærði meira að segja að mála með tækni gömlu meistara, segir hún. Tilhögunin var þannig innan veggja þessarar stofnunar, að maður valdi sér bara kennara — og þar með vinnustofu. Og Nína kaus að mála afstrakt. Námslán að heiman gerði henni kleift að halda óslitið áfram og úr veflistardeildinni útskrifaðist hún 1976. Hún fór annars á hverju ári heim til Íslands á þessu tímabili og tók þar upp þráðinn; vann við hjúkrun og hélt sér við í þeirri grein. Raunar er ekki lengra síðan en í haust, að Nína greip í hjúkrun úti í París en fannst þá sem hún væri byrjuð að ryðga í faginu. En síðast kom hún til Íslands fyrir tveimur árum, — og einnig þá vann hún um tíma á sjúkrahúsi.

En það var bersýnilegt hvert stefndi. Veflistin varð smám saman fyrirferðar-meiri í lífi hennar og áhugaefni númer eitt, — náttúrulega að eiginmanninum undanskildum, sem hún sá fyrst fyrir líðlega ári, á gamlárskvöld, þegar árið 1979 gekk í garð. Nína segir að hann sé engan veginn dæmigerður Fransari, hávaxinn, bláeygur og skólhærður. Hann er verkfræðingur að mennt og fer á hjóli til og frá vinnu.

Nína Gautadóttir hefur átt því láni að fagna, að geta að mestu helgað sig list sinni síðastliðin þrjú ár. Enda þótt hún megi kallast óþekkt hér, hefur hún tekið þátt í fjölmörgum sýningum erlendis — „svo mörgum, að ég nenni því ekki lengur, að minnsta kosti ekki í sama mæli, því það er svo mikið argaþras og vesen að standa í því“, segir Nína.

En það var óneitanlega uppörvun, að hvað eftir annað seldust verk Nínu á sýningum. Og það varð henni til frekari framdráttar, að 1974 fékk hún franskan styrk til þess að ljúka námi. Seinna fékk hún reyndar styrk frá Ítalíu og fylgdi honum sú kvöð, að hún yrði að koma til Ítalíu og vinna þar á meðan styrksins nyti við. Þegar til átti að taka, höfðu einhver mistök orðið í skrifstofubákninu hjá ítölum og styrkurinn — eða hvort það voru plögginn varðandi hann — týndust í kerfinu. Allt var það þó komið í lag á nýjan leik og Nína hefur í huga að fara þegar tími gefst til Feneyja og dvelja þar og vinna á meðan hún nýtur styrksins.

Nína býr í Latínuhverfinu í París; raunar í næstu götu við Erró. Ekki er það ætlunin

að fjölyrða um aðskiljanlega töfra Latínuhverfisins hér, enda gerði ég eitthvað í þá veru í samtalsgrein um Erró, sem birtist í Jólalablaði Lesbókar. Gatan hennar Nínu er ein af mjóu þvergötunum, sem liggur útúr breiðgötunni St. Germain — og svo mjó, að það er ekki meira en svo að bíll skríði þar í gegn. Segir sig sjálf, að bílastæðin eru ekki útum allt í því plássi, enda halda íbúarnir sig við reiðhjól eða mótorhjól, ef þeir á annað borð eiga sérstök farartæki. Húsin eru eins og þunnar sneiðar, öll á hæðina og afskaplega gömul. Það er heldur ekki verið að splæsa í víðáttumikla stigaganga; húsum af þessu tagi er sameiginlegt, að þar er gengið upp örmjóa stiga.

Á þessum stað er Nína búin að búa í rúm tvö ár í gamalli og hagstæðri leigu. Margt virðist skrýtið í kýrhausum leigusamninga í Parísarborg; til dæmis kom það í ljós, að þeir sem leigðu Nínu, höfðu erft leigusamninginn, eða öllu heldur: Réttinn til þess að leigja þetta tiltekna hús.

Aðkoman var ekki kræsileg, þegar Nína fluttist þangað og minnir á lýsingar þeirra manna hérlendra, sem fyrrmeir voru að flytjast á eyðibýli. Sú hlið hússins, sem að götunni veit, hafði beinlínis losnað frá og hefði tókíð úti buskann í meiriháttar byljum. Húshliðin hékk uppi af gömlum vana og þegar rigndi, þá barst regnvatnið óhindrað innum öll gólf og á þeim var töluverð skán af aur og bléytu. Af búskap fyrri leigjenda fara ekki sögur; trúlega hefur það verið nægjusamt fólk og laust við kröfugerð. En Nína lét hendir standa framúr ermum; eftir að eigandinn gerði við húshliðina mokaði hún út skáninni og lét gelda uppi útvegginn og tjasla honum í sitt rétta far, svo nú heldur húsið vatni og vindi.

Eins og tíðkast hefur hjá Frönsurum framundir þetta, var salernið aðeins gat í gólfinu og þar yfir var sturtan. Nína réði íslenska stúdenta í vinnu; lét setja upp venjulegt mannsæmandi salerni með sturtuklefa, — lét setja upp eldhúsvask og litla innréttingu, leggja rafmagn og síðan var hella gillið málað. Nú er sæmilega rúmgott herbergi á neðri hæðinni, sem hún notar fyrir stofu; einnig er þar eldhúskrökurinn og salernið. Svefnherbergið er leyst á þann hátt, að hjónarúmið stendur uppi á dálitlum palli í stofunni. Glugginn veit út að þröngu götunni og er frekar lítil; engin hlemmbirta verður í þessari íbúð, en Nína hefur haft lag á því að gera hana hlýlega og heimilislega. Eins og ævinlega ræður andi húsmóðurinnar úrslitum; hann svífur yfir þessum vötnum framar öllu öðru og Nína hefur til að bera svo elskulegt og eðlilegt viðmót, að manni líður undir eins vel í návist hennar.

Á hæðinni fyrir ofan er jafn stór stofa og þar hefur Nína komið fyrir öllu því hafurtaski, sem heyrir til veflist og þar var hún með stórverk í uppsiglingu: Mynd, sem var um það bil 3 metrar á breidd og 2 á hæð, — eiginlega skúlptúr eða þrívídarmynd, unna úr sísal, trolltvinna



Myndir Nínu verða gjarnan efnismiklar og töluvert þungar. Hér er hún við vinnu og hefur sett upp andlitagrímu til varnar rykinu af þráðunum.



Nína við vinnu sína. — Fór í framhaldsnám til Svíþjóðar, en Svíar voru svo leiðinlegir, að hún flýtti sér aftur til Parísar.



Nína Gautadóttir, ung að árum í fæðinguhúsum ásamt foreldrum sínum, Elínu Guðjónsdóttur og Gauta Hannessyni og bræðrum sínum, Brynjólfi, sem fórst í bílslysi, og Skúla.